

FORSETAÚRSKURÐUR

um skiptingu starfa ráðherra.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands og forsetaúrskurðar um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti, er störfum þannig skipt með ráðherrum:

1. gr.

Forsætisráðuneyti.

Bjarni Benediktsson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir forsætisráðuneytið skv. 1. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *forsætisráðherra*.

2. gr.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fer með stjórnarmálefni sem heyra undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skv. 1., 5. og 6. tölul. 2. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra*.

Þórdís Kolbrún Reykzfjörð Gylfadóttir fer með stjórnarmálefni sem heyra undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skv. 2.-4. tölul. og 7. og 8. tölul. 2. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra*.

3. gr.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Benedikt Jóhannesson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneytið skv. 3. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *fjármála- og efnahagsráðherra*.

4. gr.

Innanríkisráðuneyti.

Sigríður Á. Andersen fer með stjórnarmálefni sem heyra undir innanríkisráðuneytið skv. 1.-17. tölul., 20. tölul., 22.-32. tölul. og 35.-38. tölul. 4. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *dómsmálaráðherra*.

Jón Gunnarsson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir innanríkisráðuneytið skv. 18., 19., 21., 33. og 34. tölul. 4. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra*.

5. gr.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Kristján Þór Júlíusson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið skv. 5. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *mennta- og menningarmálaráðherra*.

6. gr.

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Björt Ólafsdóttir fer með stjórnarmálefni sem heyra undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið skv. 6. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *umhverfis- og auðlindaráðherra*.

7. gr.

Utanríkisráðuneyti.

Guðlaugur Þór Þórðarson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir utanríkisráðuneytið skv. 7. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *utanríkisráðherra*.

8. gr.

Velferðarráðuneyti.

Óttarr Proppé fer með stjórnarmálefni sem heyra undir velferðarráðuneytið skv. 1. tölul., c-f-liðum 3. tölul., 4.-6. tölul. og 10. tölul. 8. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *heilbrigðisráðherra*.

Þorsteinn Víglundsson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir velferðarráðuneytið skv. 2. tölul., a-, b- og g-lið 3. tölul. og 7.-9. tölul. 8. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *félags- og jafnréttismálaráðherra*.

9. gr.

Úrskurður þessi öðlast þegar gildi. Með úrskurði þessum fellur úr gildi úrskurður nr. 26/2016, um skiptingu starfa ráðherra.

Gjört á Bessastöðum, 11. janúar 2017.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.